

LÖG

um breyting á lögum um sakadóm í ávana- og
fíkniefnamálum, nr. 29/1986.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Ef vafi þykir vera um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði getur dómariinn að fengnu samþykki dómsmálaráðuneytisins kvatt til setu í dómi með sér tvo dómendur. Sá sem kvaddur er til setu í dómi skal vera embættisdómari.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka eftir því sem við getur átt til mála sem ákært hefur verið í og þingfest hafa verið fyrir gildistöku þeirra.

*Gjört í Reykjavík, 11. desember 1989.***Steingrímur Hermannsson.****Guðrún Helgadóttir.**
(L. S.)**Guðmundur Jónsson.**

Óli P. Guðbjartsson.